

1859.
14. sept.

sýslumaður, ef bráða nauðsyn ber til, annast, að hann fái aðstoðarmenn, og skulu þá einkum teknir til greina þeir menn, er dýralæknirinn stingur upp á. Dýralæknirinn er hinn næsti yfirmaður aðstoðarmanna, sem honum eru skipaðir, að því er snertir öll lækningastörf.

16. gr. Allir hlutaðeigendur skulu skýra næstu yfirmönnum sínum frá heilbrigðisástandum sauðfjárins, og öllu því, sem gjört er til að útrýma fjárkláðanum, svo opt og nákvæmlega, að þeir ávallt hafi áreiðanlega vitneskju um allar ástæður, og skal hver yfirmaður gefa undirmönnum sínum reglur um það, svo að aðferðin verði í því efni samkynja í öllu umdæminu; sér í lagi skal hreppstjórinn eða hreppsnefndin semja skýrslu að minnsta kosti einu sinni á mánuði hverjum, og senda sýslumanni svo fjótt sem auðið er. Um skýrslur dýralæknanna er ákvörðun gjörð í reglugjörð þeirri, er vèr, hinir konunglegu erindsrekar, höfum samið handa þeim.

Reykjavík, 14. september 1859.

H. C. Tscherning. Jón Sigurðsson.

14. sept. **41. Reglugjörð fyrir dýralæknana Hansteen og Krause, meðan þeir dvelja á Íslandi sökum fjárkláða þess, sem þar gengur yfir.**

1. gr. Dýralæknarnir eiga, hvor um sig og í sameiningu, að leggja alla alúð á að styrkja með læknisráðum, sem framast þeim er unnt, allar ráðstafanir þær, sem gjörðar eru til að útrýma og afstýra fjárkláðanum.

2. gr. Þeir skulu nota sérhvert tækifæri, sem þeim býðst, til að afla sér vitneskju, svo nákvæmrar, sem auðið er, um heilbrigðisástand sauðfjárins í hinum ýmsu hëruðum landsins, og einkum skulu þeir hafa gætur á, þar sem fjárkláðinn þegar hefur komið í ljós.

3. gr. Fái þeir vitneskju um, að nokkur ný hætta sé búin af fjárkláðanum, skulu þeir hið allrabráðasta skýra lög-reglustjórninni frá, og einkum snúa sér að hlutaðeiganda sýslumanni, ef enginn frestur má verða á rannsókninni.

1859.
14. sept.

4. gr. Dýralæknarnir skulu, eins og þeir framast geta, gegna áskorun yfirvaldanna, að leggja ráð á og skýra frá álitinu í þeim efnum, er ná til dýralækninganna, og sömuleiðis láta í té aðstoð sína, þar sem yfirvaldið telur nauðsyn á, að þeir sæu nærstaddir. Því að eins mega þeir synja slíks, að þeir sæu veikir, eða að þeir sæu bundnir við þau dýralækna-störf, sem meira sé undir komið, og sem þeir mega eigi frá hverfa þegar í stað. Þeir skulu ávallt skýra stiptamtanni frá, er þeir skipta um bústaði, að svo miklu leyti þeir geta því við komið.

5. gr. Dýralæknarnir skulu hafa, eptir því sem þörf krefur, stöðugar gætur á bæjum þeim, þar sem kláðinn hefur þegar komið í ljós, unz þeir geta talið sýkina með öllu útrýmda.

6. gr. Skyldi svo fara, að dýralæknarnir væru beðnir að koma í hin umdæmin, skal dýralæknir Hansteen fyrstur taka að sér það starf. Að öðru leyti skulu þeir, þegar hinir konunglegu erindsrekar eru farnir hëðan af landi, og þegar þeir hafa lokið störfum þeim, sem þeim hafa verið falin á hendur á tilteknum stöðum, skýra hlutaðeiganda amtmanni frá, hvað þeir sameiginlega hafa afráðið um störf sín framvegis.

Dýralæknarnir skulu iðulega skýra lögreglustjórninni frá heilbrigðisástandum sauðfjárens, að því er kláðann snertir, samkvæmt þeirri vitneskju, sem þeir hafa aflað sér. Þeir skulu og skýra yfirvaldinu frá, hvað þeir hafi aðgjört til að rýma burtu sýkinni, og að minnsta kosti skulu þeir einu sinni á mánuði hverjum senda sýslumanni svo nákvæma skýrslu um þetta, sem þeim er auðið, en sýslumaður sendi amtmanni.

7. gr. Að öðru leyti skulu dýralæknarnir hafa gætur á heilbrigðisástandum alidýra allra, og reyna að komast fyrir orsakirnar til hinna tíðustu og hættulegustu sjúkdóma, og hver ráð sæu hentust til að afstýra þeim og lækna. Skýrslu skulu þeir og senda löggæzluráðherranum um árangurinn af rannsókn-um sínum í þessum efnum, meðan þeir dvelja á Íslandi.

Reykjavík, 14. september 1859.

H. C. Tscherning. Jón Sigurðsson.